# Viðbragðsáætlun vegna óveðurs og ófærðar

**Skólaakstur:**
Bílstjóri tekur ávallt ákvörðun þegar skólaakstur er felldur niður en **það er alltaf** gert í samráði við skólastjórnendur. Stefnt skal að því að ákvörðun um niðurfellingu skólaaksturs liggi fyrir kl. 7.00 á morgnana. Ef veður eða veðurútlit er slæmt kanna skólastjórnendur stöðuna með því að hringja í Jón Þór Brynjarsson Hjalteyri í síma 462-5704.

**Ef skólahaldi er aflýst fer eftirfarandi ferill í gang.**

**Upplýsingagjöf:**

1. Frétt um niðurfellingu skólaaksturs er sett á heimasíðu skólans http://thelamork.is. Þetta gerir skólastjóri eða aðstoðarskólastjóri.
2. Sendur er tölvupóstur á Ríkisútvarpið ( ruv.is) og Bylgjuna (bylgjan.is). Þetta gerir skólastjóri eða aðstoðarskólastjóri.

Skólahverfi Þelamerkurskóla er mjög víðfermt og aðstæður misjafnar. Foreldrar þurfa undir öllum kringumstæðum að meta það hvort barn eigi erindi í skólann. Foreldrar tilkynna skólanum um forföll vegna veðurs ef þeir treysta sér ekki til þess að senda barn í skólann vegna veðurs, færðar eða slæms veðurútlits.

**Ef senda þarf nemendur heim á skólatíma**

Ef upp koma þær aðstæður að senda þarf nemendur heim á skólatíma fer eftirfarandi ferill í gang.

1. Frétt um að skólahaldi sé frestað er sett á **vef skólans.**
2. Skólastjórnendur **skipurleggja úthringingu** til foreldra. Miðað er við að það sé haft samband við foreldra/forráðamenn nemenda í 1. – 6. bekk. Miðað er við að eldri nemendur geta fengið að hringja heim.